

**Mál nr. 187/2020****M og  
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar vegna áaksturs hinn  
5.4.2020****Gögn:**

Málskot dags. 26.5.2020 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 3.6.2020 ásamt fylgiskjali nr. 1.

**Málsatvik.**

Hinn 5. apríl 2020 var bifreið M ekið út úr bílastæðahúsi upp um ramp á lóð fasteignar í eigu X. Um er að ræða einbreiðan ramp sem afmarkaður er með grjóttgarði vinstra megin við akstursstefnu bifreiðarinnar og steiptum vegg hægra megin. Við efsta hluta rampsins til hægri, þar sem veggurinn endar, eru einnig nokkrir stórir steinar sem skilja akleiðina frá gangstétt og bílastæðum á lóðinni. Þegar bifreiðinni var ekið upp rampinn rakst hún utan í stein hægra megin á enda rampsins, svo tjón hlaust á fram- og afturhurð bifreiðarinnar hægra megin. M lýsir aðstæðum með þeim hætti að talsverður snjór hafi verið á svæðinu og skafl myndast efst í rampinum þannig að ekki sást í kanta eða grjóttgarða á endum útkeyrslunnar. Steinninn sem hann ók á hafi verið undir snjó og því ekki sjáanlegur.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu á þeim grundvelli að tjónið verði rakið til gáleysis X sem veghaldara og/eða fasteignareiganda. Vísar M í þessu sambandi til þess að steinninn hafi skagað út á akbrautina og að X hafi hafi látið undir höfuð leggjast að lagfæra það þrátt fyrir að hann hafi áður verið látinn vita af tjónum á öðrum bílum vegna steinsins.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að staðsetning grjótsins sé ekki til þess fallið að valda tjóni, enda sé ekið í þeirri fjarlægð frá grjóttgarðinum sem ætlast sé til. Telur félagið að tjón M verði einungis rakið til aðgæsluleysis hans sjálfs og þess að hann gætti ekki fyllstu varúðar við aksturinn.

**Álit:**

Í gögnum málsins er að finna myndir af aðstæðum, þar sem sjá má að grjót beggja vegna akbrautarinnar. Ekki verður séð af myndunum að grjót skagi út á akbrautina eða sé sérstaklega til þess fallið að valda hættu eða tjóni á bifreiðum sem ekið er um rampinn. Þá liggja ekki fyrir nein gögn sem staðfesta að X hafi haft vitneskju um að á svæðinu hafi áður orðið tjón eða að aðstæður kynnu að vera varhugaverðar. Er því ekki sýnt fram á að X hafi verið rétt að grípa til aðgerða vegna þessa. Áakstur bifreiðarinnar verður því ekki rakið til atvika sem X verður kennt um. M á þar af leiðandi ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 26. júní 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.